

**Sp.**

**85. Tillaga til þingsályktunar**

**[51. mál]**

um aukna framleiðslu rafmagnstækja.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að stuðla að því, að verksmiðjur, sem framleiða vönduð rafmagnstæki með hagstæðu verði, fái það rifleg gjaldeyris- og innflutningsleyfi, að þær geti unnið með fullum afköstum allt árið.

**Greinargerð.**

Mikill skortur er á margs konar rafmagnstækjum í landinu. Hafa heyrzt háværar raddir og vaxandi kröfur um aukinn innflutning á þessum tækjum. Til þess að fullnægja þörfum landsmanna á þann hátt þarf mikinn gjaldeyri, og er tæplega við því að búast, að þjóðin hafi nægilegan gjaldeyri til þeirra hluta, eins og nú standa sakir. Í landinu eru verksmiðjur, sem framleiða rafmagnstæki, sem eru samkeppnisfær að verði og gæðum og hafa aðstöðu til þess að fullnægja innanlandsþörfinni, ef séð væri fyrir nægilegu efni.

Stærsta raftækjaverksmiðjan er Rafha í Hafnarfirði. Er það myndarlegt fyrirtæki og framleiðir aðeins vandaða vöru og ódýra, miðað við hliðstæða erlenda framleiðslu.

En þannig hefur verið búið að þessari verksmiðju, að hún getur aldrei unnið með meira en hálfum afköstum. Þessi verksmiðja framleiðir eldavélar, sem eru það vel þekktar um land allt, að óþarft er að lýsa þeim. Nú liggja fyrir pantanir á 2500 eldavélum, og verður ekki mögulegt að afgreiða að sinni meira en  $\frac{1}{5}$  hluta vegna efnisskorts. Verksmiðjan getur framleitt þvottapotta, rafmagnsöfna, spennubreyta, kælikápa og þvottavélar af vönduðustu gerð. En framleiðsla á þessum nauðsynlegu tækjum er í mjög smáum stíl vegna efnisleysis. Eftirspurn eftir þvottavélum er nú mjög mikil, og er það að vonum, því að þvottavélina telur húsmóðirin nauðsynlegri en flest önnur heimilistæki. Eftirspurninni verður aldrei fullnægt með öðru móti en því að flytja inn nægilegt efni og smíða tækin í landinu. Efni í 5 þvottarvélar kostar í erlendum gjaldeyri jafn mikið og ein erlend vél. Af þessu ætti að vera ljóst, að það er ekki rétt stefna að gera kröfu um innflutning á tilbúnum heimilistækjum, heldur ber að búa þannig að verksmiðjum landsins, sem vel eru starfinu vaxnar, að þær geti unnið með fullum afköstum og fullnægt þörfum landsmanna.

Með samþykkt þessarar tillögu ættu innflutningsyfirvöldin að fá ábendingu og nokkurt aðhald í þessu efni.